

# Út úr COVInu

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands  
Starfsdagur Heilsugæslunnar á Hótel Natura  
14. október 2021

## NEYÐARSTJÓRN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- Gerð var viðbragðsáætlun fyrir HÍ upphafi árs 2020
- Neyðarstjórn HÍ var virk frá febrúar 2020
- Neyðarstjórn fundaði að jafnaði 5 sinnum í viku í upphafi faraldursins
- Virk upplýsingamiðlun til starfsfólks og nemenda skólans:
  - Tengill á sérstaka COVID-19 síðu á forsíðu hi.is - <https://www.hi.is/covid>
  - Allar upplýsingar á íslensku og ensku
  - Rektor sendi starfsfólki og stúdentum upplýsingapóst flesta daga

VELKOMIN Á  
MENNTAVÍSINDASVIÐ  
Upplýsingar fyrir nýnema á bókasafni

WELCOME TO THE  
SCHOOL OF EDUCATION  
Information for New Students in



## NEYÐARSTJÓRN

- Neyðarstigi lýst yfir 6. mars – námskynning á Akureyri blásin af 7. mars
- Samkomubann sett á 16. mars – engin kennsla í húsakynnum HÍ
- Búið var að undirbúa rafræna kennslu skv. viðbragðsáætlun – unnið náði með fræðasviðum, deildum og kennurum
- Lagt upp með að ljúka misserinu og námsmati með eins eðlilegum hætti og hægt var
- Vikan 16.-20. mars fór í að tryggja að öll kennsla í skólanum gengi upp á rafrænan hátt í öllum deildum og fræðasviðum
- Vikunni 23.-30. mars varið í að útfæra námsmat

## NÁMSMAT

- Óhjákvæmilegt var að endurskoða að námsmat yrði að einhverju leyti breytilegt eftir námskeiðum enda aðstæður ólíkar, t.d. hvað varðar verklegt nám, símat, vægi lokaprófa og eðli námsefnis
- Kennarar völdu þá leið í námsmati sem best hentaði hverju námskeiði innan setts ramma
- Reynt var að eyða óvissu sem var íþyngjandi fyrir nemendur skólans

## NÁMSMAT – ÚTFÆRSLA


- Reglur um tvífall giltu ekki vegna vormisseris 2020
- Nemendur sem stóðust námsmat í námskeiði gátu sótt um að fá birtri lokaeinkunn breytt í „staðið án einkunnar“
- Vegið meðaltal allra námsmatsþátta gildi þá sem lokaeinkunn
- Skilafrestur á lokaritgerðum var framlengdur um eina viku
- Tryggt var að nemendur gátu þreytt þau sjúkra- og endurtökupróf sem reglur HÍ kveða á um vegna vormisseris 2020 og haustmisseris 2019
- Frestur til að skrá sig í námskeið á haustmiseri 2020 var framlengdur

## HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI

- Samráðshópur virkjaður um heilsu og vellíðan starfsfólks og stúdenta. Markmið var að huga enn betur að heilsu, vellíðan og virkni stúdenta og starfsfólks HÍ á óvissutímum með öllum tiltækum ráðum
- Aukinn stuðningur við stjórnendur, m.a. með Teams-fundi/námskeiði fljótlega þar sem farið verður yfir hagnýt ráð og „góðum dæmum“ deilt
- Hugað sérstaklega að því að léttu álagi af fólki þar sem álag er mikið og virkja aðra sem höfðu minna að gera
- Fræðsla til starfsfólks á fjarfundum

# HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI - STARFSFÓLK

- Mannauðssvið HÍ greip til fjölmargra aðgerða fyrir starfsfólk skólans:
  - Starfsfólk hvatt til að huga að sóttvörnum - handspritt og sóttþreinsklútar eru víða á háskólasvæðinu
  - Dregið úr smithættu áhættuhópa t.d. með skipulagi í rýmum en margir unnu alfarið heima
  - Reyndum að hafa “allt eins og venjulega” eftir því sem unnt var
- Starfsfólki í stjórnarsýslu skipt upp (þrjár leiðir)
  - Fólk vann á ólíkum stað á kampus og hittist ekki
  - Helmingur hópsins vann heima og hinn helmingurinn sótti vinnu í HÍ, skipt var á vikufresti
  - 1/3 vann heima, 2/3 sótti vinnu í HÍ, skipt á vikufresti




# HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI - STARFSFÓLK

- Hreyfing
  - Íþróttahús á háskólasvæðinu
  - Boðið upp á rafræna leikfimi
- Sálfélagslegur stuðningur
  - Boðið upp á viðrunarsamtöl við sálfræðing (15-20 mín)
  - Boðið upp á handleiðslu sálfræðinga þar sem þörf var á (allt að 5 tímar)
- Fræðsla
  - Fræðsla um heilsu og vellíðan á innri vef skólans  
<https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=5010>
  - Fræðsla/upplýsingar um fjarvinnu



# ÁHRIF COVID-19 Á VINNUFRAMLAG STARFSFÓLKS

- Erfitt að meta áhrif COVID-19 á vinnuframlag starfsfólks, en til að leitast við að milda þau brást HÍ við með eftirfarandi hætti:
  - Vegna breyttra kennsluhátta fengu allir akademískir starfsmenn sem voru í kennslu 2020 kennsluþróunarstig fyrir misserið
  - Áhrif COVID-19 á starfsfólk HÍ voru kortlögð, m.a. af Menntavísindastofnun HÍ, og mögulegar aðgerðir mótaðar í framhaldinu til að milda eftir þörfum neikvæð áhrif faraldursins á ritvirkni
  - Af sömu ástæðu gafst akademísku starfsfólki kostur á að gera grein fyrir áhrifum COVID-19 á störf sín í tengslum við skil á ársskýrslu vinnumats



# ÁHRIF COVID-19 Á FJÁRMÖGNUN LAUNA DOKTORSNEMA OG NÝDOKTORA

- Í þeim tilvikum þar sem laun eru fjármögnuð með styrkjum sem bera stjórnunar- og aðstöðugjald (erlendir styrkir og Rannís) var mögulegt vinnutap greitt af þeim hluta stjórnunar- og aðstöðugjalds sem fellur til verkefnis og fræðasviðs
- Í þeim tilvikum þar sem laun eru fjármögnuð úr doktorssjóði HÍ eða nýdoktorasjóði HÍ, þ.e. með styrkjum sem ekki bera stjórnunar- og aðstöðugjald, gátu styrkþegar sótt um að fá mögulegt vinnutap bætt



# HEILSA OG VELLÍÐAN Í FORGANGI - NEMENDUR

- Úrræðum Náms- og starfsráðgjafar fjölgað
- Fjölbreytt úrræði til að bæta geðheilbrigði stúdenta
  - Sálfræðiráðgjöf Náms- og starfsráðgjafar fyrir nemendur
  - Sálfræðiráðgjöf háskólanema
  - SÁLFRÆKT – hópmeðferð fyrir háskólanema (á vegum Sálfræðiráðgjafar háskólanema)
  - HAM-hópmeðferð fyrir háskólanema
  - Hugrún, geðfræðsluráðgjöf, <https://gedfraedsla.is/>, jök þjónustu sína
  - Hugleiðsluhópur HÍ / Buddhist Meditation Study Group
- Aðstoð og þjónusta kennara og skrifstofa fræðasviða við nemendur var ómetanleg




## SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ HÍ

- Fyrirsjáanlegt var að atvinnuleysi myndi halda áfram að aukast
- Til að draga úr neikvæðum áhrifum atvinnuleysis á þessum erfiðu tímum var strax rætt að HÍ gæti mögulega tekið við stórum hópi nemenda sem verður fyrir atvinnumissi
- Þrátt fyrir aukið álag sem slík aðgerð hafði í för með sér mátti ætla að HÍ gæti, með stuðningi stjórnvalda, fjölgað nemendum um einhver þúsund ef nauðsyn krefði

# SUMARNÁM VIÐ HÍ

- Boðið upp á fjölbreytt námskeið af ýmsu tagi, einingarbær námskeið, undirbúningsnámskeið fyrir háskólanema, og fræðslunámskeið fyrir almenning
- Öll fræðasvið buðu eitthvert námsframboð, einnig Keilir, Endurmenntun og Tæknifræðisetur HÍ í Hafnarfirði
- Fjölbreytt úrval námskeiða fyrir þá sem vilja læra íslensku (íslenska sem annað mál, bæði fyrir byrjendur og lengra komna)
- Einnig boðið upp á einingarbær námskeið sem byggjast á edX námskeiðum
- Nánast öll námskeið sem skipulögð voru í sumarskóla HÍ fóru fram og voru vel sótt. Stöku námskeið duttu upp fyrir vegna ónógrar þátttöku en slíkt heyrði til undantekninga
- Framkvæmd sumarnámsins heppnast vel og engin erfið vandamál komu upp




## SUMARSTÖRF VIÐ HÍ

- Auglýst voru 286 sumarstörf í átaki stjórnvalda 2020
- Samtals voru 184 nemendur ráðnir til Háskóla Íslands


	Auglýst sumarstörf	Fjöldi ráðninga
Félagsvísindasvið	52	45
Hugvísindasvið	45	35
Heilbrigðisvísindasvið	44	18
Menntavísindasvið	27	14
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	57	37
Miðlægt	61	35
<b>Alls</b>	<b>286</b>	<b>184</b>

# HEILDARFJÖLDI NEMENDA Í HÍ




# VERULEG FJÖLGUN NEMENDA

- Fjöldgun nemenda á milli árána 2020-2021 nam 17,9%
- Ánægjuleg þróun en jafnframt áskorun fyrir allt starfsfólk og nemendur HÍ
- Fjöldgunin átti sér stað á sama tíma og kljást þurfti við erfiðar aðstæður vegna COVID-19 og kennslu var umbylt ásamt öðru starfi skólans





# FJÖLDI NEMENDA Í GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI



# KENNSLA SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

- Í meginatriðum var rafræn kennsla lögð til grundvallar
  - Staðkennsla í boði eftir því sem kostur var, sérstaklega fyrir nýnema
  - Umræðutímar, verkleg og klínísk kennsla sett í forgang
  - 1 m regla þýðir að nýting kennslustofa fór úr 27% í 39% (í sbr. við 2 m reglu)
- Byggingum var skipt í hólf
  - Sérstök áhersla lögð á Háskólatorg
- Námsmat
  - Próf haldin í húsakynnum HÍ
  - Brottfall heldur áfram að minnka, mæting í próf betri
  - Mikil aukning í rafrænu prófahaldi



A silhouette of a person is shown cleaning a long, brightly lit hallway. The person is bent over, using a long-handled tool to clean the floor. The hallway has wooden walls and a polished floor that reflects the overhead lights. The scene is captured from a low angle, emphasizing the length of the corridor.

# VATNSTJÓN Í UPPHAFI 2021


## EFTIRMÁLAR VATNSFLÓÐS AÐFARARNÓTT 21. JANÚAR

- Gríðarlegt tjón, mikið starf að þurrka öll rými
- Óháðir matsmenn meta orsakir og umfang tjónsins
- Háskólinn vonast til að meiriháttar framkvæmdir geti hafist sem fyrst

# HÁSKÓLALÍFIÐ NÚ AÐ KOMAST Í EÐLILEGT HORF – LANGÞRÁÐIR NÝNEMADAGAR Á HÁSKÓLALÓÐINNI



# QR-KÓÐI INNLEIDDUR Í KENNSLURÝMUM



ER ÞÖRF ÞEIM ER VÍÐA RATAR

## NOKKRIR LÆRDÓMAR

- Faraldurinn hefur kennt okkur margt
- Öruggt að meiri áhersla verði lögð á vendikennslu, rafræn próf og fjarfundi
- HÍ verður þó áfram fyrst og fremst námssamfélag nemenda og kennara á staðnum
- Mikilvægt að hlúa að mannauðnum
- Upplýsingagjöf og samstaða eru lykilatriði





# MANNAUÐUR

- Starfsemi skólans haldið gangandi með það að leiðarljósi að lágmarka smithættu
- Stjórnsýslueiningar nýttu skiptifyrirkomulag svo hluti hópa vann heima hverju sinni
- Stjórnendur funduðu á hverjum degi með starfsfólki
- Leitast við að að lágmarka álag á nemendur
- Hugað var að geðheilbrigðismálum
- Sérfræðingar HÍ og nemendur voru mjög virkir í að takast á við vágestinn

